

Föstudaginn 17. desember 1965.

**Nr. 201/1965. Landsbanki Íslands
gegn
Ríkisskattstjóra.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Um upplýsingaskyldu banka samkvæmt skattalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. nóvember 1965, er hingað barst 23. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, er upp var kveðinn 19. nóvember 1965 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst hann þess, að úrskurði sakadóms verði hrundið.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1965.

Ár 1965, föstudaginn 19. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarar, kveðinn upp úrskurður í málinu: Ríkisskattstjóri gegn Landsbanka Íslands, sem tekið var til úrskurðar 18. þ. m.

Hinn 16. júlí s.l. ritaði ríkisskattstjóri Landsbanka Íslands svohljóðandi bréf:

„Jafnframt því, sem vér vísum til 36. gr. laga nr. 55/1964 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 70/1965, er hér með óskað upplýsinga um viðskipti neðangreindra aðilja við yður, sem eru:

Sigurjón Sigurðsson kaupmaður, Bólstaðarhlíð 68, Reykjavík.
Verzlunin Örnólfur, Snorrabraut 48, Reykjavík.

Óskað er upplýsinga um eftirfarandi:

1. Höfðu ofangreindir aðiljar einhverja veltufjárreikninga

(hlaupareikning, reikningslán, aðra ávísanareikninga) hjá yður á árunum 1962 og 1963? Ef svo er, óskast oss látið í té afrit af umræddum reikningum.

2. Áttu ofangreindir aðiljar innstæður á sparifjárreikningum hjá yður á árunum 1962 og 1963? Ef svo hefur verið, óskast oss látið í té afrit af umræddum reikningum.

3. Skulduðu ofangreindir aðiljar yður á umræddu tímabili (árunum 1962 og 1963)? Óskað er afrita af þeim skuldareikningum. Sérstaklega er óskað afrita úr víxlaspjaldskrá.

4. Hafi aðiljar þessir á ofangreindu tímabili haft önnur viðskipti við yður en að framan voru nefnd, óskast gerð grein fyrir þeim.

Umbeðnar upplýsingar óskast veittar eigi síðar en 21. júlí n.k.“

Bankinn veitti eigi umbeðnar upplýsingar, og hinn 3. þ. m. óskaði ríkisskattstjóri (rannsóknardeild) þess, að sakadómur tæki málið til meðferðar samkvæmt 3. mgr. 50. gr. laga nr. 55/1964, sbr. 8. gr. laga nr. 70/1965.

Krefst sóknaraðili þess, að aflað verði framangreindra upplýsinga.

Af hálfu varnaraðilja, Landsbanka Íslands, hafa bankastjórnarnir Jón Axel Pétursson og Svanbjörn Frímansson lýst yfir því, að þeir telji ekki heimilt vegna ákvæða 1. mgr. 17. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands og 1. mgr. 63. gr. reglugerðar nr. 30/1962 að veita hinar umbeðnu upplýsingar, enda hafði bankinn hinn 3. nóvember, eða sama dag og ríkisskattstjóri sneri sér til sakadómsins, sent ríkisskattstjóra bréf og synjað um gögn þessi með sömu röksemdum.

Bankastjórnarnir hafa eigi að síður lýst yfir því, að þeir mundu ekki neita um upplýsingarnar, ef fyrir lægi dómsúrskurður hverju sinni.

Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 11/1961 segir, að bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans séu bundnir þagnarskyldu um allt það, er snerti hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Með 36. gr. laga nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignarskatt var kveðið á um það, að stjórnendum banka og sparisjóða sé skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað sé, allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, sem um sé beðið og unnt sé að láta í té. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að bókum banka og sparisjóða (3. mgr.).

Samsvarandi ákvæði eru í 36. gr. laga nr. 55/1964 og 36. gr.

núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/1965. Í 1. mgr. 50. gr. laganna er ríkisskattstjóra heimilað að beita dagsektum við þá, sem gegna ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr. Í 3. mgr. 50. gr. er enn fremur heimilað að „vísa sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar“. Þar segir og, að slík mál sæti rannsókn að hætti opinberra mála, en að öðru leyti er eigi gerð grein fyrir, hvernig málið skuli lagt fyrir eða hverjum úrræðum dómur megi beita gagnvart þeim, sem eigi fullnægir upplýsingaskyldu.

Í 17. gr. laga nr. 11/1961 er forráðamönnum og starfsmönnum bankans bannað almennt að skýra frá því, sem þeir hafa í starfi sínu komizt að um hagi viðskiptamanna bankans. Í 36. gr. laga nr. 90/1965 er þeim hins vegar skýlaust gert að skyldu að láta í té slíkar upplýsingar til tiltekins aðilja. Er ljóst, að mat á því, hvort þörf sé á slíkum upplýsingum, ber undir skatt-yfirvöld sjálf, en eigi dómstóla, þannig að ekki er þörf dóms-úrskurðar í hverju einstöku tilviki.

Ákvæðin í 36. gr. laga nr. 90/1965 eru sérákvæði, sem ganga fyrir hinu almenna ákvæði 17. gr. laga nr. 11/1961 og eru auk þess yngri. Er því augljóst, að varnaraðilja, Landsbanka Íslands, er skylt að láta sóknaraðilja í té upplýsingar þær, er sóknaraðili krafðist í bréfi sínu, dags. 16. júlí, sem greint er frá í upphafi úrskurðar þessa.

Því úrskurðast:

Varnaraðilja, Landsbanka Íslands, er skylt að láta sóknar-aðilja, ríkisskattstjóranum, í té framangreindar upplýsingar.
